

Málstofa Landbúnaðarháskóla Íslands

Keldnaholti, mánudaginn 9. nóvember kl. 15.15

„kryddar sig sjálft“

Jón Þór Pétursson, doktorsnemi í þjóðfræði við Háskóla Íslands, heldur erindi um mat og matarmenningu samtímans mánudaginn 9. nóvember á Keldnaholti. Erindið hefst kl. 15.15.

Undanfarið ár hefur Jón Þór starfað við Landbúnaðarháskóla Íslands að rannsókn á matarmenningu á Vesturlandi.

Í erindinu verður gerð grein fyrir matarmenningu samtímans og skoðað hvernig einstaklingar skapa merkingu matar. Þessari merkingu er síðan fléttað saman við þrjú lykilhugtök. Þessi þrjú hugtök eru „náttúra“, „hefð“ og „staður“ en þau voru unnin upp úr 14 viðtölum sem tekin voru á vettvangi.

Í fyrirlestrinum er fjallað um hvernig ákveðinn mótheimur verður til í kringum grænmetisræktun, heimagerðar afurðir og persónuleg tengsl til þess að veða á móti rótlausum nútíma. Þá verður gerð grein fyrir samspili hins hnattvædda og hins staðbundna með tilliti til matar og

skoðað hvernig viðmælendur fóta sig innan mótsagnakenndra hugmynda samtímans. Samhengi er skapað hverju sinni í hversdagslegri iðkun menningar og tekur mið af félagslegum, sögulegum, efnahagslegum og pólitískum

hugmyndum einstaklinga og hópa. Í matarvenjum birtast þannig sjónarmið sem vísa handan hins líffræðilega kaloriugildis.

Verkefnið er hluti af norrænu öndvegisverkefni um hollustu, matarsögu og menningu: HELGA - Nordic Health Whole Grain Food, sem Laufey Steingrímisdóttir prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands er í forsvari fyrir hér á landi.

Jón Þór lauk MA prófi í þjóðfræði frá Háskóla Íslands haustið 2009 og BA prófi í sagnfræði frá sama skóla 2005. Hann var ritstjóri Kistunnar.

Vefrits um menningu og fræði frá janúar 2005 til hausts 2007, ritstjóri Kvíksögu frá janúar 2005 til október 2005 og Sagna árið 2004.

Boðið er upp á léttar veitingar að erindi loknu.



Hægt er að hlusta á málstofur Lbhí á heimasíðu skólans